
Breyting á Aðalskipulagi
Vesturbyggðar 2006-2018

Vestfjarðarvegur

Umhverfisskýrsla



1. nóvember 2011





EFNISYFIRLIT

1.	Samantekt	3
2.	Inngangur	4
3.	Tengsl við aðrar áætlanir.....	5
4.	Staðhættir og umhverfisaðstæður	7
5.	Umhverfismat.....	9
5.1.	Þættir áætlunar sem valdið geta áhrifum	9
5.2.	Umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum.....	9
5.3.	Skilgreining á vægi áhrifa	10
5.4.	Skilgreining, lýsing og mat á umhverfisáhrifum.....	10
5.4.1.	Landslag og sjónræn áhrif.....	10
5.4.2.	Jarðfræði og jarðmyndanir	10
5.4.3.	Áhrif á gróðurfar	11
5.4.4.	Áhrif á fugla- og dýralíf.....	12
5.4.5.	Áhrif á fornleifar.....	13
5.4.6.	Áhrif á landnotkun og samfélag.....	14
5.4.7.	Áhrif á vatnafar	15
5.5.	Umfjöllun um kosti	16
5.6.	Niðurstaða mats.....	17
6.	Matsferlið og samráð	18
7.	Afgreiðsla skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.....	18
	Heimildir	20



1. SAMANTEKT

Í umhverfismati með breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar vegna vegagerðar við Vestfjarðarveg, frá sveitarfélagamörkum Reykhólahrepps í Kjálkafirði að Þverá, voru lagðir fram tveir aðrir valkostir um legu vegarins. Innri þverun við Stórhólma, ytri þverun gengt Þverá og núllkostur sem er sú stefna sem sett er fram í gildandi aðalskipulagi þar sem ekki er gert ráð fyrir nýjum vegi.

Horft var til eftirfarandi þátta vegna mats á umhverfisáhrifum breytingarinnar: Landslag og sjónræn áhrif, áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, gróður og fuglalíf, fornleifar, landnotkun og samfélag og vatnafar

Niðurstaða matsins er sú að aðalskipulagsbreytingin mun hafa óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti sem metnir voru. Helstu neikvæðu áhrif breytingarinnar eru sjónræn og á gróðurfar. Með mótvægisáðgerðum og hönnun á veginum þá má draga verulega úr sjónrænum áhrifum og áhrifum á gróður. Áhrifin af skipulagsbreytingunni eru staðbundin og samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Lagt er til að fylgst verði með framvindu gróðurs meðan nýgróður er að festa rætur og svæðið að laga sig að grenndargróðri. Einnig verður fylgst með hvort hætta er á jarðvegsrofi á framkvæmdarsvæðinu. Skal sú vöktun fara fram af Náttúrustofu Vestfjarða í samráði við sveitarfélagið og Umhverfisstofnun. Skipulagsbreytingin hefur jákvæð áhrif á samfélag með því að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og auka umferðaröryggi og bæta samgöngur á svæðinu.

Aðalskipulagsbreytingin kallar á gerð deiliskipulags þar sem fyrirhuguð er vegagerð á náttúruverndarsvæðum sbr. skipulagsreglugerð 400/1998.




2. INNGANGUR

Skýrsla þessi er umhverfisskýrsla skv. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, og fylgir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018. Um er að ræða breytingu sem fjallar um nýja veglínu á Vestfjarðarvegi milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Þar sem breytingin nær bæði til Vesturbyggðar og Reykhólahrepps er unnið samhliða að breytingunni í báðum sveitarfélögum.

Breytingar á aðalskipulagi Vesturbyggðar vegna framangreindra áforma felast fyrst og fremst í því, að breyta þarf sveitarfélagsupprætti, sem sýnir stofn- og tengivegi í sveitarfélagini. Ný veglína verði færð inn og sýndur sem stofnvegur en núverandi vegur færður um vegflokk og sýndur sem aðrir vegir til skýringar. Breytingar verða einnig á texta í kafla 2.5.1, vegir, í greinargerð aðalskipulagsins, þar sem gerð verður breyting á lýsingu á Vestfjarðarvegi. Ekki þarf að opna nýjar námur vegna vegagerðarinnar þar sem talið er að efni sem fæst úr skeringum muni duga til framkvæmdarinnar.¹ Skipulagsbreytingin mun gera grein fyrir nauðsynlegum leyfum vegna vegaframkvæmda, helstu umhverfisáhrifum og ef þörf er á að greina frá vöktun umhverfisáhrifa vegna breytrar veglínu.

Skipulagsbreytingin markar stefnu um framkvæmd sem er matsskyld skv. lögum nr. 106-/2000. Því er skipulagsbreytingin einnig háð lögum um umhverfismat áætlana 105/2006.

Umhverfisskýrslan er unnin af Landmótun sf. í samráði við skipulags- og byggingarnefnd Vesturbyggðar.




Mynd 2-1. Yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugaða vegagerð innan Vesturbyggðar og Reykhólahrepps. (Heimild. Vegagerðin 2010. Vegagerð á milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði, kynning á framkvæmdinni).

¹ Vegagerðin 2010. Drög að tillögu að matsáætlun.



3. TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR



Mynd 3-1. Myndin sýnir hluta af gildandi sveitarfélagsupprætti Vesturbyggðar 2006 - 2018.

Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006 – 2018


Samkvæmt skipulaginu, er svæðið, frá þverá að Skiptá í Kjálkafirði skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Vegurinn liggur um svæði sem er á náttúrumuinjaskrá „Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes. Um það svæði segir í náttúrumuinjaskrá:

„Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes, Reykhólahreppi, Vesturbyggð (áður Barðastrandarhr.), A- og V-Barðastrandarsýslu. (1) Svæðið milli Hjarðarness að vestan og Vattardalsár í botni Vattarfjarðar að austan. Að norðan liggja mörkin um Kjálkafjarðará og Þingmannheiði. (2) Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum, fuglabjarg í Múlanesi.“²

Svæðið er einnig innan Verndarsvæðis Breiðafjarðar en vegurinn snertir fjörur og leirur sem tilheyra Verndarsvæði Breiðafjarðar (Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 548/1995), en þar segir í 2. grein. „Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins...“ Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja..

Færa þarf nýja veglínu uppdrátt aðalskipulags. Vegurinn mun liggja um svæði sem skilgreind eru á gildandi aðalskipulagi sem landbúnaðarsvæði og verndarsvæði. Breyta þarf texta í greinargerð aðalskipulagsins, kafla 2.5.1 um vegi.

² Náttúruverndarráð 1996. Náttúrumuinjaskrá 7. útgáfa



Mynd 3-2. Fyrirhugaður breytingaruppráttur sem sýnir nýja legu Vestfjarðarvegar með þverun yfir Kjálkafjörð.

Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga

Í undirbúningi er breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 á þeim hluta vegarins sem er innan Reykhólahrepps.

Verndaráætlun Breiðafjarðar

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð er unnin á vegum Breiðafjarðarnefndar í samræmi við 4. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og hlaut staðfestingu umhverfisráðherra 10. október 2001.



Varðandi stefnu um verndaráætlun Breiðafjarðar er vísað í Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000 - 2004

Í Verndaráætluninni, kafla 3.1 um framkvæmdaáætlun, eru eftirfarandi atriði talin upp sem langtíma markmið er stuðla eigi að vernd Breiðafjarðar og styðst aðalskipulagsbreytingin við þau:

- Stuðla að og tryggja varðveislu Breiðafjarðar í samræmi við lög og kynna mikilvægi svæðisins.
- Tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis.
- Tryggja varðveislu menningarminja , svo sem mannvistarleifa, örnefna og minja er tengjast atvinnulífi.
- Stuðla að því að land- og sjávarnytjar á Breiðafirði séu í anda sjálfbærrar þróunar.
- Stuðla að rannsóknum á náttúru Breiðafjarðar og koma á skipulagðri vöktun.
- Stuðla að rannsóknum á menningarminjum og lýðfræði Breiðafjarðar fyrr og nú.
- Stuðla að því að útivist og ferðamennska á Breiðafirði sé í anda sjálfbærrar þróunar.
- Stuðla að umhverfisfræðslu um Breiðafjörð og túlkun á umhverfinu.

Samgönguáætlun 2009-2012

Breytingin er í samræmi við Samgönguáætlun 2009-2012 og Samgönguáætlun 2011-2022, drög að tillögu samgönguráðs, þar sem gert er ráð fyrir vegaframkvæmdinni og skilgreindar fjárveitingar til hennar.

4. STAÐHÆTTIR OG UMHVERFISAÐSTÆÐUR

Vesturbyggð er annað af tveimur sveitarfélögum í Vestur-Barðastrandarsýslu. Miklar breytingar hafa orðið á atvinnuháttum í sveitarfélagini og landbúnaður dregist mikið saman á síðustu árum og fólkfækkun verið stöðug sl. áratug. Búskapur er stundaður á 37 jörðum einkum sauðfjárrækt og mjólkurframleiðsla.³ Íbúar í Vesturbyggð voru 890 1. janúar 2011 en voru 1141 1. janúar 2002 og hefur því fækkað um 251 á 10 árum.⁴

Kjálkafjörður liggur á milli Hjarðarness að vestan og Litlaness að austan. Fjörðurinn er grunnur og skerjóttur, u.b.b. sex km langur og tveggja km breiður syðst. Hlíðin inn með austanverðum Kjálkafirði er brött og þar er lítið undirlendi. Skiptá rennur þar til sjávar og þar eru mörk Vesturbyggðar og Reykhólahrepps. Í botni Kjálkafjarðar renna tvær ár saman til sjávar, Kjálkafjarðará og Austurá. Vestanmegin í Kjálkafirði er undirlendi heldur meira. Utanvert í firðinum er eyðibýlið Auðnar.⁵

Núverandi samgöngur um svæðið er þannig háttar að Vestfjarðarvegur nr. 60 liggur um sveitarfélagið frá sveitarfélagmörkum við Skiptá í Kjálkafirði og liggur svo áfram um Hjarðarnes, Vatnsfjarðarbotn um Helluskarð og að sveitarfélagmörkum Ísafjarðarbæjar á Dynjandisheiði. Malarslitlag er á þessari leið frá Vattarfirði yfir í Vatnsfjörðinn þar sem við tekur bundið slitlag og var vegurinn lagður rétt fyrir 1970. Á honum eru einbreiðar brýr yfir

³ Vegagerðin 2010. Drög að tillögu að matsáætlun

⁴ Hagstofan 2011.


⁵ Vegagerðin 2010. Drög að tillögu að matsáætlun



þverá og Skiptá. Vegurinn er bæði mjór og krókóttur og stenst ekki öryggiskröfur um burðarþol og öryggissvæði.⁶

Samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar 2009 var umferðin um Vestfjarðarveg á viðkomandi vegarkafla 97 ÁDU (árdagsumferð), 208 SDU (sumardagsumferð) og 25 VDU (vetrardagsumferð).⁷ Hluti umferðarinnar fer með Breiðafjarðarferjunni Baldri yfir Breiðafjörð, milli Stykkishólms og Brjánslækjar.

Á árunum 2003-2008 eru skráð 12 slys á vegarkaflanum frá Eiði að Þverá. Þrjú þeirra urðu í botni Kjálkafjarðar þar sem um var að ræða útafakstur með minniháttar meiðslum á farþegum. Engin meiðsl voru í hinum tilvikunum.⁸



Mynd 4-1. Núverandi vegur í vestanverðum Kjálkafirði, horft út fjörðinn (Ljósmynd: Hafdís Sturlaugsdóttir, 2008).

⁶ sama

⁷ Vegagerðin, Umferðartölur frá 2009.

⁸ Vegagerðin 2010. Drög að tillögu að matsáætlun

5. UMHVERFISMAT

Mat á umhverfisáhrifum byggist á þremur meginþáttum, sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti innan áhrifasvæðisins.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings.

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfispáttta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti er stuðst við tiltekin viðmið, s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðsamninga, lög og reglugerðir.

5.1. ÞÆTTIR ÁÆTLUNAR SEM VALDIÐ GETA ÁHRIFUM

Vegurinn, sem er megininntak áformaðrar breytingar á aðalskipulagi munu augljóslega valda umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu, legu, hönnun vega, hönnun brúa, stærð vegsvæðis og frágangi. Helstu áhrif á framkvæmdatíma felast í breytingum á því landsvæði sem fer undir veg, t.d. þar sem vegur fer yfir árfarvegi, sjó, votlendi, tún, gróin svæði, jarðmyndanir eða mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Nýr vegur hefur sjónræn áhrif, skiptir því upp og myndar skil í landslagið. Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma veldur hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð efnispörf framkvæmdarinnar, staðsetningu náma og frágangi þeirra að efnistöku lokinni. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

5.2. UMHVERFISPÆTTIR SEM LÍKLEGT ER AÐ VERÐI FYRIR VERULEGUM ÁHRIFUM

Umhverfisáhrif, sem fyrirliggjandi áætlun um breytingar á aðalskipulagi er helst talin geta haft í för með sér, eru eftirtalin, og er fjallað nánar um hvern áhrifaþátt fyrir sig aftar í skýrslunni :

- Landslag og sjónræn áhrif
- Jarðfræði og jarðmyndanir
- Gróðurfar
- Dýralíf
- Fornleifar
- Landnotkun og samfélag
- Vatnafar



5.3. SKILGREINING Á VÆGI ÁHRIFA

Við matið er notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan.

Vægi áhrifa	Tákn	Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt
Áhrif óljós	?	Óljós áhrif á umhverfisþátt

Tafla 5-1. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar

5.4. SKILGREINING, LÝSING OG MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

5.4.1. LANDSLAG OG SJÓNRÆN ÁHRIF

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrifum á landslag og sjónræna þætti eru:

- Sérstaða/fágæti landslags út frá viðmiðum í 37. gr. laga um náttúruvernd og verndargildi skv. náttúruminjaskrá.
- Megininkenni landslags, s.s. ósnortið/ náttúrulegt yfirbragð landslags, form, lit- auðgi, fjölbreytni og landslagsheildir.
- Verndaráætlun Breiðafjarðar, markmið um að tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis.

Landslag í Kjálkafirði einkennist af nokkuð bröttum og að mestu kjarri vöxnum hlíðum. Undirlendi er lítið nema rétt í botni fjarðarins og síðan þegar kemur út Kjálkafjörðinn að vestanverðu. Í Kjálkafjörð renna árnar Deildará og Skiptá að austanverðu, Kjálkafjarðará í botni fjarðarins og Þverá, Barká og Brúará að vestanverðu.

Þverun Kjálkafjarðar mun fylgja tanga að vestanverðum og verður vel sýnileg því vegurinn liggar frekar hátt utarlega í firðinum. Þverunin mun skerða lítið af leirunni og hefur því minni áhrif en hún hefði verið innar í firðinum en sjónræn áhrif verða meiri því utar sem þverunin liggar.

Á heildina lítið mun breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar hafa neikvæð sjónræn áhrif en áhrif á landslag verða að öðru leyti óveruleg.

5.4.2. JARÐFRÆDI OG JARÐMYNDANIR

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrifum á jarðfræði og jarðmyndanir eru:

- 37. gr. laga um náttúruvernd Samkvæmt greininni njóta tilteknar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.
- Velferð til framtíðar, Sjálfbaær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu.



- Verndaráætlun Breiðafjarðar, markmið um að tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis.

Berggrunnur Vestfjarða hlóðst upp fyrir 16,5 til 10 milljón árum en hleðslan var ekki samfelld. Megineldstöðvar eru nokkrar á Vestfjörðum. Berglögin eru aðallega dílabasalt og ólivínbasalt með þunnum strjálum millilögum. Eftir lok ísaldar hafa árnar verið virkasta landmótunaraflíð og smá saman hafa þær ár, sem falla til sjávar byggt út óseyrar sínar og borið fram set sem sest hefur til í dalbotnum. Í döllum og fjarðabotnum er því töluvert magn ársets auk árkeila. Undir árseti á láglendi er víða jökulruðningur og/eða leir og silt ofan á klöpp. Fjallshlíðar á svæðinu eru yfirleitt brattar með klettabeltum efst en skriðum og skriðukeilum þar fyrir neðan. Í fjallshlíðum sjást oft vel afmarkaðir farvegir, grunnir gilskorningar, farvegir smárra lækja og uppsöfnun á lausum jarðefnum. Í úrhelli og leysingum geta því smálækir og ár borið fram mikið magn sets.⁹

Náttúrustofa Vestfjarða kannaði fjörur og leirur í Kjálkafirði og Mjóafirði 2006-8. Ekki er talið að þverun Kjálkafjarðar á þeim stað sem aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir muni hafa neikvæð áhrif á fjörur og leirur þar sem vatnaskipti verða að fullu tryggð innan þverunar. Innri leiðin myndi skerða fjörur og leirur umtalsvert og er því ekki ákjósanleg.¹⁰

Aðalskipulagsbreytingin mun hafa óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir á svæðinu.

5.4.3. ÁHRIF Á GRÓÐURFAR

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum á gróður eru:

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur.
- Listi yfir friðlýstar plöntur.
- Sjaldgæfar plöntur og sérstæði plantna á landsvísu.
- 37 gr. laga um náttúruvernd.
Skv. greininni njóta m.a. mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.
- Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020.
“Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur vistkerfi Íslands.”
- Verndaráætlun Breiðafjarðar, markmið um að tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis.

Samkvæmt gróðurfarsúttekt sem gerð var á svæðinu árið 2007¹¹ þá einkennist gróðurfar á svæðinu af birkikjarri með lyngi í undirgróðri. Í Kjálkafirði er fjalldrapakjarr utan til en innar er birkikjarr. Þekja birkikjarrsins er meiri að vestanverðu í Kjálkafirði en austanmegin. Birkigróður mun skerðast nokkuð við vegagerðina en um leið verður vegur aflagður þar sem birkið hefur möguleika á að ná sér á strik í gömlum skeringum á eldri vegum. Engar plöntur á válista né heildstæð gróðurhverfi munu fara undir veg. Votlendi mun ekki skerðast. Veglagning mun því hafa bein áhrif á gróður en svæðið sem raskast er tiltölulega lítið. Að hluta til eru áhrifin afturkræf með mótvægisáðgerðum.

⁹ Vegagerðin 2009

¹⁰ Þorleifur Eiríksson, Kristjana Einarsdóttir, Cristian Gallo og Böðvar Þórisson. 2008. Leirur í Kjálkafirði og Mjóafirði. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 14-08.

¹¹ Hafðís Sturlaugsdóttir, 2008: Gróður í Kerlingarfirði og Kjálkafirði. Unnið fyrir Vegagerðina. NV nr. 3-08.



Mótvægisáðgerðir geta falist í að jarðvegi og gróðri verður haldið til haga og jafnað yfir röskuð svæði eins fljótt og kostur er. Yfirborð aflagðra vega verður losað upp til að flýta fyrir sjálfssáningu og/eða nýsáningu svo fremi að landeigendur séu því samþykkir. Áburður verður settur í skeringar og veki til að hjálpa við gróðurframvinduna. Gróður verður því ekki frábrugðinn því sem er í næsta nágrenni. Þar með er hægt að endurheimta birki við aflagða og lokaða veki til mótvægis við það sem þarf að skerða og að gróðursetja eða sá fyrir birki á öðrum svæðum til mótvægis við það sem skerðist.

Á heildina litið mun aðalskipulagsbreytingin hafa neikvæð staðbundin áhrif á gróðurfar.

5.4.4. ÁHRIF Á FUGLA- OG DÝRALÍF

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrifum á fuglalíf eru:

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr.
- Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
- Áhrif á vistgerðir og búsvæði.
- 37 gr. laga um náttúruvernd. Leirur og sjávarfitjar njóta sérstakar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.
- Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020.
"Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur vistkerfi Íslands."
- Reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðavarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. segir:
"Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstöðum beirra tegunda sem taldar eru upp í 1. málsgri. [fálka, hafarnar, snæuglu, haftyrðils, keldusvíns og þórshana], hvort sem er á varptíma eða utan hans."
- Ramsar-samningurinn um vernd votlendis. Framkvæmdasvæðið telst til mikilvægra fuglasvæða og uppfyllir skilyrði um mögulegt Ramsar-svæði í Evrópu http://www.birdlife.org/action/change/ramsar/ibas_ramsar_europe.pdf (BirdLife International, 2001).
- Bernarsamningurinn um verndun villtra dýra og plantna og búsvæða í Evrópu.
- Verndaráætlun Breiðafjarðar, markmið um að tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis.

Athuganir voru gerðar á varpfuglum 7. júní 2007 frá slitlagsenda í Vattarfirði að þverá í Kjálkafirði [10] en á umferðarfuglum vorið 2006 og 2007. Athugunarsvæðið náði frá Flókalundi í Vatnsfirði að Eiði í Vattarfirði [9]. Einnig voru gerðar athuganir 2003 í þessum fjörðum og nágrenni.¹² Samkvæmt athuguninni þá hélt rauðbrystingur sig í Kjálkafirði aðallega fyrir innan Skiptá og hólmann (á móts við Skiptá) og það sama má segja um aðra vaðfugla í firðinum. Verndargildi leirunnar er því hæst við og fyrir innan hólmann í Kjálkafirði. Innri hluti Kjálkafjarðar er mikilvægur fyrir fæðuöflun hjá rauðbrystingi. Þverun utar í firðinum hefur því minni áhrif á fuglalíf en þverun innar í firðinum sem myndi skerða leirur og þar með þá fugla sem nýta þær til fæðuöflunar. Búsvæði varpfugla er frekar einsleitt og endurspeglast fuglalífið af því. Þúfutittlingur, skógarþröstur og hrossagaukur voru algengastir á svæðinu. Engin mikilvæg búsvæði varpfugla munu raskast og er svæðið einsleitt að því leytinu til. Leirur í botni Kjálkafjarðar eru mikilvægar fyrir rauðbrysting en

¹² Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiriksson. 2005. Fuglalif í Gufudalssveit og nágrenni. Unnið fyrir Vegagerðina vegna mats á umhverfis-áhrifum. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 6-05.



hátt í 2000 fuglar eru þar í fæðuöflun. Með þverun Kjálkafjarðar verða tryggð full vatnsskipti innan við þverun og þar með eru áhrif á fuglalíf talin vera óveruleg. Framkvæmdin getur haft neikvæð áhrif á arnarvarp í grennd við veginn á framkvæmdatíma. Draga má úr þeim áhrifum með starfsreglum varðandi tilhögun framkvæmda í grennd við arnarhreiður og að unnið verði eftir þeim. Að loknum framkvæmdum verður nýr vegur ekki nær arnarvarpi en núverandi vegur. Umferð um hann mun því ekki hafa meiri áhrif á erni en umferð um núverandi veg og mögulega minni áhrif vegna minna ryks og hávaða.

5.4.5. ÁHRIF Á FORNLEIFAR

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrifum á fornleifar eru:

- Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001.
- Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðaleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.
- Verndaráætlun Breiðafjarðar, sjá markmið um Tryggja varðveislu menningarminja , svo sem mannvistarleifa, örnefna og minja er tengast atvinnulífi.

Fyrir liggur fornleifakönnun fyrir svæðið sem Náttúrustofa Vestfjarða vann¹³. Á áhrifasvæði vegagerðarinnar innan Vesturbyggðar fundust við þverá í Kjálkafirði 3 minjastaðir, tóft, rétt og varða Norðan við Barká er sel. Ein rúst er greinileg en líklegt er að aðrar leynist undir kjarrgróðri. Sú rúst sem er greinileg, er grasi vaxin og hleðslur standa í um eins meters hæð. Rústin er ferhyrnd en syðsti veggurinn er bogadregin nyrst. Selið er 113 metra vestur af þjóðveginum og er utan við framkvæmdarsvæðið.

Áhrif skipulagsbreytingarinnar eru engin þar sem ekki gerist þörf á að raska fornleifum vegna vegaframkvæmda.

¹³ Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008. Fornleifakönnun vegna ný og endurlagningars Vestfjarðavegar nr. 60, frá Eiði í Vattarfirði að þverá í Kjálkafirði. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 15-08.



Breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018- Umhverfisskýrsla



Mynd 5-1. Skrásettar fornminjar við þverun Kjálkafjarðar. (Heimild: Vegagerðin 2011)

5.4.6. ÁHRIF Á LANDNOTKUN OG SAMFÉLAG

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrifum á landnotkun, samfélag og öryggismál eru:

- Skipulags- og byggingarlög nr. 123/2010 m.s.br.
- Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.

Í skipulags- og byggingarlögum segir að tilgangur þeirra sé m.a. að „stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“.

Í gildandi aðalskipulagi Vesturbyggðar er landnotkun á svæðinu sem vegurinn mun fara um skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Kjálkafjörður er að mestu leyt ekki í byggð og landbúnaður ekki umtalsverður á svæðinu fyrir utan jörðina Auðshaug en í landi hennar endar fyrirhugaður vegur og mun því vegaframkvæmdin ekki hafa neikvæð áhrif á landnotkun. Með lagfæringum og bundnu slitlagi verða samgöngur öruggari og þægilegri á milli byggðarlaga og vegalengdir styttast með þverun. Með bættum og greiðari samgöngum má gera ráð fyrir allt að tvöföldun umferðar og síðan eðlilegri þróun eftir það. Árið 2026 gæti því árdagsumferðin orðið liðlega 200 bílar á dag.¹⁴

Aðalskipulagsbreytingin nær einnig innan verndarsvæðis Breiðafjarðar því vegurinn snertir fjörur og leirur sem tilheyra Verndarsvæði Breiðafjarðar sjá umfjöllun í kafla 5.4.4.

Skipulagsbreytingin hefur jákvæð áhrif á samfélag þar sem hún stuðlar að bættum samgöngum um svæðið og eykur umferðaröryggi og aðgengi að útvist með eldri vegum sem

¹⁴ Vegagerðin 2009



nýst gætu betur til útvistar. Aðalskipulagsbreytingin er talin hafa óveruleg áhrif á landbúnað, þ.e. beitiland á svæðinu.



Mynd 5-2. Vetrarríki í Kjálkafirði (Mynd YPL)

5.4.7. ÁHRIF Á VATNAFAR

Viðmið sem lögð eru til grundvallar mati á áhrifum á vatnafar eru:

- Reglugerð nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns.
- Lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.
- Verndaráætlun Breiðafjarðar, Breiðafjörður nýtur verndar samkvæmt sérstökum lögum (lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995). Í 2. gr. laganna segir: „Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.“.

Við þverun Kjálkafjarðar verða tryggð full vatnsskipti og því verða áhrif á sjávarföll lítil sem engin. Engar rannsóknir liggja fyrir á Veiðimálastofnun á straumvötnum á þessu svæði. Í öllum tilfellum er um að ræða stuttar og brattar dragár og er fiskgengur hluti ánnar örstuttur. Engar upplýsingar liggja fyrir um veiðinýtingu í ám á þessu svæði. Vegna gerðar ánnar er afar ólíklegt að fiskstofnar séu stórir á þessu svæði og ef einhver fiskur er til staðar er líklegast að sjóbleikja sé til staðar Ræsi verða settar í ár og læki en brýr við þverun fjarðanna. Þar sem fyrirhuguð veglina fer ekki um ósasvæði Kjálkafjarðarbotni er ekki talið að lífríki geti raskast vegna framkvæmdarinnar. Áhrif framkvæmda verða óverulegar á dýralíf í straumvötnum. Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á vatnafar eru því talin vera óveruleg.¹⁵

¹⁵ Sigurður Már Einarsson. 2008. Umsögn vegna vegargerðar frá Eiði í Vattarfirði að þverá í Kjálkafirði. Umsögn til Náttúrustofu Vestfjarða. Veiðimálastofnun. 2008-07-03




Ekki er talið að aðalskipulagsbreytingin muni hafa neikvæð áhrif á sjávarföll ef þess verður gætt við útfærslu framkvæmdar að vatnaskipti verði tryggð við þverun Kjálkafjarðar.

5.5. UMFJÖLLUN UM KOSTI

Í umhverfiskýrslu þessari hefur verið horft á einn valkost við legu Vestfjarðarvegar innan Vesturbyggðar, þ.e. veglína með þverun utar í firðinum gentgengt þverá. Nokkrar línum hafa verið skoðaðar við þverun Kjálkafjarðar. Veglínur við hólmann í botni fjarðarins mundu skerða töluvert af leirunni. Jafnframt skera veglínurnar mjög í sundur voga og nes í austanverðum firðinum með sömu áhrifum og á leiruna. Með því að færa veglínuna utar (mynd 5.3) skerðist minna af leirunni. Snjósöfnunin undir hlíðinni í austanverðum firðinum skiptir ekki máli ef línum eru færðar utar. Þessi þverun er liðlega 0,8 km styttri en aðrir kostir sem voru skoðaðir innar í firðinum.

Ekki voru skoðaðir kostir varðandi efnistökusvæði þar sem efni mun fást úr skeringum.

Núllkostur Núverandi vegur er malarvegur. Hann er vegtæknilega óviðunandi. Kröfum til umferðaráryggis er hvergi nærri mætt. Vegurinn stenst heldur ekki kröfur til burðarþols og þarf því oft að grípa til þungatakmarkana.



Mynd 5-3. Valkostir varðandi vegagerð Vestfjarðarvegar í Vesturbyggð. (Heimild. Vegagerðin 2011).



5.6. NIÐURSTAÐA MATS

Fram kemur hér í skýrslunni að horft var sérstaklega til eftirtalinna þátta hvað varðar umhverfisáhrif: Landslags og sjónrænna áhrifa, áhrifa á jarðfræði og jarðmyndanir, áhrifa á gróðurfar, áhrifa á fugla- og dýralíf, áhrifa á fornleifar, áhrifa á landnotkun og samfélag og áhrifa á vatnafar.

Í töflu hér á eftir er samantekt á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á einstaka umhverfisþætti að teknu tilliti til viðmiða og einkenna áhrifa. Í töflunni kemur fram að aðalskipulagsbreytingin mun hafa óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti sem metnir voru. Helstu neikvæðu áhrif breytingarinnar eru sjónræn og á gróðurfar. Með mótvægisáðgerðum og hönnun á vegin þá má draga verulega úr sjónrænum áhrifum og áhrifum á gróður. Áhrifin af skipulagsbreytingunni eru staðbundin og samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnavalda og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Lagt er til að fylgst verði með framvindu gróðurs meðan nýgróður er að festa rætur og svæðið að laga sig að grenndargróðri. Einnig verður fylgst með hvort hætta er á jarðvegsrofi á framkvæmdarsvæðinu. Skal sú vöktun fara fram af Náttúrustofu Vestfjarða í samráði við sveitarfélagið og Umhverfisstofnun. Skipulagsbreytingin hefur jákvæð áhrif á samfélag með því að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og auka umferðaröryggi og bæta samgöngur á svæðinu.

Umhverfisþáttur	Vægi áhrifa
Sjónræn áhrif	-
Landslag	0
Áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir	0
Áhrif á gróðurfar	-
Áhrif á fugla- og dýralíf	0
Áhrif á fornleifar	0
Áhrif á landnotkun og samfélag	+
Áhrif á vatnafar	0



6. MATSFERLIÐ OG SAMRÁÐ

Samráð var haft við Skipulagsstofnun aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins vegna lýsingar á skipulagsverkefni og um umfang og áherslur umhverfismats aðalskipulagsbreytingar, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir.

Leitað hefur verið umsagnar eftirfarandi stofnana um lýsingu verkefnisins:

Helbrigðiseftirlit Vestfjarða en afla þarf leyfis Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða til tímabundins atvinnurekstrar, t.d. fyrir vinnubúðum og verkstæðisaðstöðu, sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Fiskistofa vegna framkvæmda í fiskveiðiám, t.d. vegna efnistöku eða ræsagerðar, sbr. 33 gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 eru háðar leyfi lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu.

Breiðafjarðarnefnd sbr. lög nr. 54/1995.

Umhverfisstofnun vegna mögulegra raskana á fjörum, eyjum, skerjum eða þvera firði.

Fornleifaverndar ríkisins ef nauðsynlegt reynist að raska fornminjum, sbr. 14. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Aðliggjandi sveitarfélög þar sem þau eru umsagnaraðilar um landnotkun sem nær út fyrir sveitarfélagamörk.

Skipulagslysing var kynnt fyrir skipulags- og byggingarnefnd og bæjarstjórn 8 mars samþykkt af bæjarstjórn 10 mars. Skipulagslysing var auglýst í blöðum og á heimasíðu Vesturbyggðar 7. apríl 2011.. Tillagan verður síðan kynnt á opnum íbúafundi. Eftir íbúafund verður tillagan auglýst og gefst þá íbúum tækifæri að koma með skriflegar athugasemdir sem sveitarfélagið ber að svara.

7. AFGREIÐSLA SKV. 9. GR. LAGA UM UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

NR. 105/2006

Samkvæmt niðurstöðum umhverfismatsins eru áhrif breytingarinnar óveruleg á flesta umhverfisþætti sem metnir voru. Helstu neikvæðu áhrif breytingarinnar eru sjónræn og á gróðurfar en með mótvægisauðgerðum og hönnun á vegi þá má draga verulega úr neikvæðum áhrifum. Skipulagsbreytingin var talin hafa jákvæð áhrif á samfélag með því að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og auka umferðaröryggi og bæta samgöngur á svæðinu.

Við yfirferð fyrir auglýsingu gerði Skipulagsstofnun nokkrar athugasemdir við framlögð gögn og voru þær birtar með auglýsingunni og var brugðist við þeim fyrir auglýsingu. Umsagnir bárust án athugasemda frá Vegagerð ríkisins, Reykhólahreppi, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Breiðafjarðarnefnd. Í umsögn frá Fornleifavernd ríkisins var bent á að varða í námu J muni raskast vegna efnistöku. Sækja þurfi um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að raska vörðunni og sæta þeim skilyrðum sem stofnunin kann að setja fyrir slíku leyfi. Í umsögn frá Umhverfisstofnun er bent á að þverun fjarðarins er betri kostur en uppbygging vegar umhverfis Kjálkafjörð varðandi fjörur, leirur og birkiskóga. Umhverfisstofnun taldi mikilvægt að tekið sé tillit til varptíma fugla við framkvæmdir. Skipulagsstofnun gerði athugasemdir dags. 14. júlí og 17. október 2011. Tekið var tillit til þeirra athugasemda og gögn löguð.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.



Áhrifin af skipulagsbreytingunni eru staðbundin og samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Lagt er til að fylgst verði með framvindu gróðurs meðan nýgróður er að festa rætur og svæðið að laga sig að grenndargróðri. Einnig verður fylgst með hvort hætta er á jarðvegsrofi á framkvæmdarsvæðinu. Skal sú vöktun fara fram af Náttúrustofu Vestfjarða í samráði við sveitarfélagið og Umhverfisstofnun.

HEIMILDIR

1. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.
2. Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2016.
3. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
4. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
5. Lög nr. 107/2001, Þjóðminjalög.
6. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
7. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
8. Lög nr. 548/1995 um vernd Breiðafjarðar.
9. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
10. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
11. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
12. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
13. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
14. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
15. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
16. Skipulagslög nr. 123/2010.
17. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
18. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.
19. Vegagerðin 2009. Vegagerð á milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði
Kynning á framkvæmdinni
20. Vegagerðin 2011. Vestfjarðarvegur (60), milli Eiðis og Þverár í Vattarfirði. Mat á umhverfisáhrifum, frummatskýrsla. Drög mars 2011.